

**139. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 17. október 2017  
og hófst hann kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Inga María Guðmundsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir og Björn Davíðsson formaður.

**Embættismenn:**

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Ingólfur Þorleifsson mætti ekki til fundarins og ekki varamaður í hans stað.

**Dagskrá:**

**1. Styrkir til menningarmála 2017 - 2017020014**

Kynntar eru umsóknir aðila um styrk til menningarmála í haustúthlutun 2017.

*Teknar eru til afgreiðslu styrkbeiðnir til menningarmála, vegna haustúthlutunar 2017. Atvinnu- og menningarmálanefnd samþykkir að úthluta menningarstyrkjum, samtals að fjárhæð kr. 650.000,- til eftirfarandi umsækjenda:*

*Eyþór Jóvinsson, Endurútgáfa Aldafar og örnefni í Önundarfirði, kr. 100.000,-.*

*Gamla bókabúðin á Flateyri, Ljósmyndasýning í tilefni 100 ára afmælis*

*Verzlunarinnar Bræðurnir Eyjólfsson, kr. 65.000,-.*

*Hjónaballsnefnd 2017, styrkur til að halda hjónaball, kr. 150.000,-.*

*Kvennakór Ísafjarðar, jólatónleikar með einsöngvara og hljóðfæraleik, kr. 100.000,-.*

*Skóbúðin hversdagssafn, Námskeið í skapandi skrifum, kr. 235.000,-.*

*Atvinnu- og menningarmálanefnd felur bæjarritara að tilkynna styrkveitingar og skilyrða útgreiðslu því að búið sé að skila lokaskýrslu vegna fyrri verkefna styrkþega, sé um slíkt að ræða.*

**2. Þrettándinn og Kómediuleikhúsið - 2017100022**

Lagt er fram minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, dags. 10. október sl. vegna þrettándagleði 2018.

*Atvinnu- og menningarmálanefnd óskar eftir því að Elfar Logi Hannesson mæti á næsta fund atvinnu- og menningarmálanefndar f.h. Kómediuleikhússins vegna þrettándagleði 2018 til ræða tillögur hans að fyrirkomulagi.*

**3. Act Alone - styrkbeiðni - 2017020093**

Lagt fram minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, dags. 10. október sl., þar sem fram kemur beiðni Elfars Loga Hannessonar, f.h. Act alone, að gerður

verði samstarfsstarfssamningur til þriggja ára.

*Atvinnu- og menningarmálanefnd leggur til við bæjarstjórn að samninguinn verði endurnýjaður óbreyttur til þriggja ára, þ.e. fyrir árin 2018-2020.*

#### **4. Greinargerð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál - 2017100013**

Lagður fram tölvupóstur Aðalsteins Óskarssonar, framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga, dagsettur 3. október sl., með greinargerð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál, um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 990. fundi sínum, 9. október sl., og vísaði því til kynningar í atvinnu- og menningarmálanefnd.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00**

---

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

---

Björn Davíðsson

---

Þórdís Sif Sigurðardóttir